



Áherslur dómara nefndar eru settar fram með það að markmiði að kynna innleiðingu nýrra viðmiðana og áherslna. Þær áherslur sem kynntar hafa verið áður og fyrir eru að sjálfsögðu í fullu gildi og ættu að vera hluti af leiknum í dag. Eldri áherslur verða þess vegna ekki ítrekaðar hér nema að litlu leyti.

**Framkoma og samskipti:** Sem fyrir leggur dómara nefnd þunga áherslu á að framkoma og samskipti séu fagleg og einkennist af virðingu og samstarfsvilja. Þar gerum við ríka kröfu til dómara ekki síður en annarra þátttakenda. Ekki er gerð krafa um að samskipti fari fram á öðru tungumáli en íslensku. Það er á ábyrgð félaganna að koma upplýsingum til þeirra þátttakenda sem ekki skilja íslensku til skila.

Tilmæli FIBA um framkomu, frá 25/4 2012 og sem eru enn í gildi, hvað framkomu varðar má finna hér;

<http://www.fiba.com/pages/eng/fc/expe/refe/video.asp>

**Hagnaðarreglan:** Hagnaðarreglan er hornsteinn góðrar dómgæslu. Hagnist brotlegur aðili ekki á broti sínu og verði andstæðingurinn ekki fyrir óhagræði hefur ekkert brot átt sér stað.

**Flopp:** Taka skal hart á „floppi“ og leikaraskap hvort sem um er að ræða varnar eða sóknarmann. Dæma skal tæknivillu á leikmanninn en dómari má veita aðvörun fyrst sem tilkynna skal þeim leikmanni sem í hlut á og einnig þjálfara þess liðs en það skal bara gert einu sinni á hvort lið í leik og gildir sú aðvörun fyrir allt liðið.

**Samskipti utan vallar:** Fulltrúar liða þurfa samþykki formanns dómara nefndar til þess að hafa samband við dómara að fyrra bragði á keppnistímabilinu, nema til að staðfesta ferðatilhögun eða greiðslur reikninga.

**Óíþróttamannsleg villa:** Harkaleg snerting við mótherja getur leitt til óíþróttamannslegrar villu jafnvel þó ekki sé um ásetning að brjóta að ræða. Einnig getur beiting ónauðsynlegrar hörku við venjulegt brot leitt til sömu niðurstöðu.

**Vörn gegn boltamanni fjarri körfu:** Lögð er áhersla á að taka harðar á beitingu handa (hand check) gegn boltamanni fjarri körfu hvort heldur þær eru notaðar til að stýra leikmanni eða að „tjékka“ hann. Á sama tíma vekjum við athygli á því að hver leikmaður á rétt á sínum sívalningi og nálægt körfunni má búast við talsverðri snertingu án þess að endilega sé um villu að ræða. (höndum ekki beitt)

**Ritaraborð:** Dómara nefnd leggur mjög mikla áherslu að starfsmenn á ritaborði séu starfi sínu vaxnir. Við hverjum félögin til að leggja metnað í þennan þátt enda getur það haft mjög truflandi áhrif á leikinn vanti upp á fagmennsku á ritaborði. Dómarar hafa heimild til þess að skipta út starfsfólki telji þeir hnökra á starfi þess óviðunandi.

**Skyldur þjálfara:** Í grein 7.5 í leikreglum segir um réttindi og skyldur þjálfara; Þjálfara eða aðstoðarþjálfara, en aðeins öðrum hverju sinni, er heimilt að vera standandi meðan á leik stendur. Þeir mega ræða við leikmenn meðan á leik stendur svo lengi sem þeir halda sér innan svæðis varamanna. **Aðstoðarþjálfara er óheimilt að ávarpa dómara.**

**Dómara nefnd KKÍ 27. september 2013**

---

**Rúnar Birgir Gíslason formaður**